

anda, Sigurbirni Sigmarssyni, in solidum kr. 300.000 með 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júlí 1980.

Nr. 115/1980. Bjarni Þ. Guðmundsson

gegn

úthlutunarmönnum atvinnuleyfa
leigubifreiðarstjóra í Reykjavík,
samgönguráðherra og
Ármani Magnússyni.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 31. mars 1980, sem barst Hæstarétti 2. júlí sl. Kæranda varð kunnugt um hinn kærða úrskurð 18. mars.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðiljanum Ármani Magnússyni gert skylt að svara þessum spurningum:

„1. Hverjir öðluðust atvinnuleyfi skv. lögum nr. 25, 1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. 4. 1956? Er þá átt við tæmandi skrá yfir þessa aðila.

2. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. höfðu eingöngu atvinnu af akstri skv. umræddum atvinnuleyfum?

3. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. gegndu öðrum störfum með akstri skv. atvinnuleyfunum, og hver voru þau störf?

4. Hverjar hafa verið undantekningar frá því, að leyfishafar skv. 2. gr. hafi **eingöngu** haft atvinnu af akstri leigu-bifreiða skv. téðum atvinnuleyfum síðan?

5. Hafa leyfishafar skv. 3. gr. hætt störfum þeim, er þeir upphaflega gegndu ásamt akstri skv. téðum atvinnuleyfum og tekið upp önnur störf með akstrinum? Ef svo er, óskast skýrt frá slíkum breytingum í einstökum tilvikum“.

Þá er þess enn krafist, að sama manni, varnaraðiljanum Ármanni, „verði dæmt skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl til upplýsingar um málsatvik og svara á þeim grundvelli framanskráðum spurningum sem og öðrum spurningum um sér hvað annað, er máli skiptir.“

Einnig er þess krafist, að „vitnið verði dæmt til, ef það fullnægir ekki vitnaskyldu sinni, **aðallega** að sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, en **til vara**, að vitninu verði gert að greiða hæfilega sekt skv. tilgangi ákvæðis 2. mgr. 131. gr. eml.“

Þess er og krafist, að varnaraðiljanum Ármanni verði gert skylt að staðfesta skýrslu sína með eiði eða drengskaparheiti og að sóknaraðilja verði dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins svo og kærúmálskostnaður.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.

Í héraðsstefnu 18. janúar 1979 segir meðal annars, að höfða þurfi mál „**gegn** úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, þeim Ármanni Magnússyni, Fells-múla 14, Reykjavík, og Sveini Jónassyni, Brúnalandi 38, Reykjavík, svo og Ragnari Arnalds samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, Arnarhvoli, Reykjavík.“ Stefnt er því stjórnvaldinu úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, sem fyrirmæli voru um í reglugerð nr. 214/1972, sbr. nú reglugerð nr. 219/1979. Reglugerðirnar voru settar með heimild í lögum nr. 36/1970.

Samkvæmt gögnum málsins hætti varnaraðilinn Ármann Magnússon störfum sem úthlutunarmaður 24. júlí 1979. Um hann gilda því ekki lengur reglur réttarfarslaga um skýrslugjafir málsaðilja. Hins vegar er þess að gæta, að spurningar þær, sem sóknaraðili hefur lagt fyrir varnaraðiljann Ármann,

eru þess efnis, að þeim verður ekki svarað án könnunar á gögnum úthlutunarmannanna. Ármann Magnússon hefur fyrir dómi og skriflega skorast undan að svara spurningum frekar en hann hefur þegar gert. Í lögum er ekki heimild til að skylda hann til þess, eins og á stendur. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því þegar af þessari ástæðu staðfest, en spurningarnar, sem að framan eru raktar, eru hinar sömu og fjallað er um í hinum kærða úrskurði.

Það athugast vegna kröfugerðar sóknaraðilja, að ekki eru efni til að gera samtímis kröfu um, að tiltekna spurningar séu lagðar fyrir vitni og að það sé látið sæta viðurlögum fyrir að svara þeim ekki. Rétt er og að fjalla sérstaklega um staðfestingu vitnaskýrslna í einkamálum, þegar þær hafa verið gefnar.

Það er ámælisvert, hve lengi dróst að senda kærumál þetta til Hæstaréttar frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins. Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Krafa sóknaraðilja um málskostnað í þessum þætti málsins er ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. mars 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 25. febrúar 1980, hefur Stefán Hirst héraðsdómslögmaður, Borgartúni 29, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Bjarna J. Guðmundssonar, Kleppsvegi 34, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, þeim Ármanni Magnússyni, Fellsmúla 14, Reykjavík, og Sveini Jónssyni, Brúna-landi 38, Reykjavík, svo og Ragnari Arnalds samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, Arnarhvoli, Reykjavík.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að ógilt verði með dómi afturköllun úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi er sviptur atvinnuleyfi, sem hann hefur haft skv. lögum nr. 25/1955 og reglu-

gerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa í Reykjavík, sem og staðfesting samgönguráðuneytisins, dags. 9. september 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist, að úthlutunarmönnum og eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðiljum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavík í óbreyttri mynd, þ. e. með öllum þeim réttindum og skyldum, er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi. Loks er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að skv. afsali, dags. 24. janúar 1950, hafi hann keypt bifreiðina R 3675 ásamt afgreiðslu-aðstöðu á bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg af Guðmundi Tr. Guðmundssyni. Kveðst stefnandi hafa starfað við akstur leigubifreiðar til mannflutninga í Reykjavík hinn 31. desember 1955, en við þá dagsetningu hafi takmörkun fjölda leigubifreiða í Reykjavík verið miðuð skv. lögum nr. 25/1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. apríl 1956. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið atvinnuleyfi, svo sem lög hafi staðið til, og haldið því síðan óslitið, uns honum með bréfi úthlutunarmanna, dags. 17. maí 1974, hafi verið tilkynnt, að atvinnuleyfið hefði verið afturkallað. Hinn 12. nóvember 1974 kveðst stefnandi hafa skrifað úthlutunarmönnum bréf, þar sem hann hafi gert ítarlega grein fyrir málstað sínum. Í bréfi úthlutunarmanna, dags. 11. desember 1974, hafi beiðni stefnanda um endurskoðun atvinnusviptingar verið hafnað. Með bréfi, dags. 6. september 1976, kveðst stefnandi hafa skotið niðurstöðu úthlutunarmanna til úrlausnar samgönguráðuneytisins og hafi því málskoti verið svarað með bréfi, dags. þremur dögum síðar, þar sem beiðninni hafi verið synjað. Með bréfum, dags. 25. ágúst 1977, 24. nóvember 1977, 31. maí 1978 og 5. desember 1979, hafi samgönguráðherra verið skrifað með beiðni um leiðréttingu mála stefnanda, en allt án árangurs. Sé því málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Undir rekstri málsins, eða í þinghaldi hinn 7. febrúar 1980, óskaði lögmaður stefnanda, Stefán Hirst héraðsdómslögmaður, upplýsinga stefnda Ármanns Magnússonar um ákveðin atriði skv. vitnastefnu, dags. 1. febrúar 1980 og framlagðri hinn 7. s. m., en atriðin voru þessi:

„1. Hverjir öðluðust atvinnuleyfi skv. lögum nr. 25, 1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. 4. 1956? Er þá átt við tæmandi skrá yfir þessa aðila.

2. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. höfðu eingöngu atvinnu af akstri skv. umræddum atvinnuleyfum?

3. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. gegndu öðrum störfum með akstri skv. atvinnuleyfum, og hver voru þau störf?

4. Hverjar hafa verið undantekningar frá því, að leyfishafar skv. 2. gr. hafi eingöngu haft atvinnu af akstri leigubifreiða skv. téðum atvinnuleyfum síðan?

5. Hafa leyfishafar skv. 3. gr. hætt störfum þeim, er þeir upphaflega gegndu, ásamt akstri skv. téðum atvinnuleyfum og tekid upp önnur störf með akstrinum? Ef svo er, óskast skýrt frá slíkum breytingum í einstökum tilvikum.“

Stefndi Ármann Magnússon vísaði til dómskjals nr. 27, þar sem hann kvaðst hafa svarað spurningum lögmanns stefnanda. Lögmaður stefnanda kvaðst þá krefjast þess, að vitnið yrði úrskurðað til að svara spurningunum á dómskjali nr. 26. Lögmaður stefnda mótmælti því, að spurningar þær, sem fram koma á dómskjali nr. 26, hefðu þýðingu fyrir úrslit málsins.

Hinn 25. febrúar 1980 fór fram munnlegur málflutningur um þetta atriði, og gerði þá lögmaður stefnanda eftirfarandi dómkröfur:

1. Að vitninu verði úrskurðað skylt að svara spurningum þeim, er fram eru settar á dskj. nr. 26, auk þess að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl til upplýsingar um málsatvik.

2. Að vitnið verði úrskurðað, ef það fullnægir ekki vitnaskyldu, aðallega til að sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, en til vara, að vitninu verði gert að greiða hæfilega sekt skv. tilgangi tilvitnaðs ákvæðis.

3. Að vitnið staðfesti skýrslu sína með eiði eða drengskaparheiti.

4. Loks er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefnda Ármanns Magnússonar voru þær dómkröfur gerðar, að kröfum stefnanda í þessum þætti málsins yrði synjað og stefnda úrskurðaður málskostnaður í þessum þætti málsins að mati dómsins.

Í stefnu aðalmálsins er vitnastefndi, Ármann Magnússon, einn hinna stefndu og því aðili þess.

Þegar af þeirri ástæðu er honum ekki skylt að svara spurningum lögmanns stefnanda á dskj. nr. 26, sbr. 1. tl. 125. gr. einka-

málalaga nr. 85/1936, enda verður sú nauðsyn ekki talin fyrir hendi, að 2. mgr. 1. tl. nefndrar greinar eigi hér við.

Afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í því.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stefnda, Ármanni Magnússyni, er ekki skylt að svara spurningum lögmanns stefnanda, Stefáns Hirst, á dóm skjali nr. 26 í máli þessu.

Priðjudaginn 12. ágúst 1980.

Nr. 128/1980. Valdstjórnin

gegn

Sævari Erni Helgasyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfisvipting. Radarmælingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 29. júlí 1980, sem barst Hæstarétti 31. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfisviptingu.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja sætti hann með dómi sakadóms Ísafjarðarkaupstaðar 1. júlí 1965 fjársekt og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Frá 1970 hefur hann samkvæmt sakavottorði sætt eftirfarandi viðurlögum fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum: